

Einvígi aldarinnar

Síðastliðinn föstudag fór fram "Einvígi aldarinnar" í Áttthagastofunni. Taflfélag Snæfellsbæjar stóð þá fyrir taflmóti þar sem tvö 10 manna lið tefldu 100 skákir. 10 unglingar og börn skipuðu annað liðið á meðan 10 fullorðnir skipuðu hitt. Til gamans má geta að sex liðsmenn úr fullorðins liðinu hafa orðið skólameistarar í skák. Forn frægð dugði þó ekki til og vann barna- og unglingsveitin einvígið með 13 sigra forskoti. Stefán Karvel í barna- og unglingsveitinni var með flesta sigra en hann vann allar 10 skákirnar sínar. Í sveit hinna eldri voru tveir með jafn marga sigra en það voru Rögnvaldur Ólafsson og Ragnar Smári Guðmundsson en þeir enduðu báðir með 7 sigra. Stefán Karvel, Rögnvaldur og Ragnar Smári fengu allir glæsilegt gjafabréf frá Sker sem viðurkenning fyrir sína frammistöðu. Á myndinni má sjá sigursveitina



með gullpening um hálsinn ásamt Sigurði Scheving og Þorsteini Hjaltasyni en þeir skipulögðu mótið og sáu um framkvæmdina.
JJ

Nýr eigandi að Pastel



Nýr eigandi hefur nú fest kaup á hárgreiðslustofunni Pastel í Snæfellsbæ. Nýr eigandi er Hafrún Björnsdóttir en hún útskrifaðist sem hársnyrtir árið 2019 frá Háarakademíunni. Hafrún hefur unnið á Pastel með hléum frá árinu 2019 og ættu því bæjarbúar að kannast vel við hana. Hafrún tók við rekstri stofunnar þann 1. mars síðastliðinn en María Guðmundsdóttir hafði þá rekið stofuna í rúm 5 ár. Mar-

ía mun halda áfram að þjónusta sína kúnna eitthvað áfram. Viðskiptavinir mega búast við smávægilegum breytingum á húsnaðinu á næstunni en hún gerir ekki ráð fyrir að það muni skerða starfsemi. Hafrún kveðst ætla að halda áfram að leggja sömu áherslur í rekstri og María hefur gert undanfarin ár en mun þó reyna að setja sinn svip á reksturinn.

JJ

FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC www.msc.org

Bifreiðaverkstæði /Egis. Rífl. S-4366677
Betra fyrir bílinn

GDRN og Magnús Jóhann í Ólafsvíkukirkju

Menningarnefnd Snæfellsbæjar hélt vetrartónleika á hlaupársdeginum 29. febrúar síðastliðinn. Mættu söngkonan GDRN og píanóleikarinn Magnús Jóhann saman í Ólafsvíkukirkju og léku íslenskar tónlistarperlur fyrir gesti. Tvíeykið gaf út plötuna Tíu íslensk sönglög í sameiningu árið 2022 en þar hafa þau útsett íslensk lög á borð við Rósin, Hvert örstutt spor og Vikivaki. Á tónleikunum fluttu þau lög plötunnar í bland við önnur sígild lög og lög GDRN. Þétt var setið í Ólafsvíkukirkju en yfir 100 miðar seldust á viðburðinn. Hafði GDRN orð á því hve góður hljómburðurinn væri í kirkjunni og taldi hún flutning sinn á tónleikunum sinn besta hingað til. Mikil ánægja var með tónleikana og kallaði flutningur tvíeykisins fram allan tilfinningaskalann hjá tónleikagestum.

SJ



Fjölmennt mót í reiðhöllinni

Fyrsta mótið í Snæfellinga mótaröðinni var haldið í reiðhöllinni í Ólafsvík um liðna helgi. 39 knapar voru skráðir til leiks og skiptust þeir niður í 5 flokka. Flokkarnir voru pollaflokkur, 10-13 ára, 14-17 ára, minna vanir og meira vanir. Mótið tókst mjög vel og vilja skipuleggjendur þakka öllum sem komu til þess að horfa á og styðja við knapana. Einnig vilja þau koma á framfæri sérstökum þökkum fyrir stuðninginn til eftirfarandi fyrirtækja: Kaupfélag Borgfirðinga, Voot Ólafsvík, Sker Restaurant, Sjöppan Ólafsvík, Kjörbúðin Grundarfirði og Smiðjan Ólafsvík. Úrslit kvöldsins voru eftirfarandi:

Barnaflokkur:

1. sæti Rebecca Luise Lehmann og Særún frá Múla
2. sæti Bjartey Ebba Júlíusdóttir og Hylling
3. sæti Elín Una Eggertsdóttir og Kvika frá Minni-Borg
4. sæti Karítas Lilý Kristinsdóttir og Dúskur frá Hellissandi



Unglingaflokkur:

1. sæti Sól Jónsdóttir og Jónína Ingi-björg frá Grundarfirði
2. sæti Ari Osterhammer Gunnarsson og Sprettur frá Brimilsvöllum
3. sæti Hera Guðrún Ragnarsdóttir og Glettir frá Hólshúsum

Minna vanir:

1. sæti Hrafnhildur Bárðardóttir og Kristall
2. sæti Íris Huld Sigurbjörnsdóttir og Gustur frá Stykkishólmi
3. sæti Sveinn Bárðarson og Aþena
4. sæti Lisa Deuper og Bára frá Brimilsvöllum
5. sæti Kim-Rica Kaul og Þyrnir frá Reykjavík

Meira vanir:

1. sæti Anna Dóra Markúsdóttir og Stöð frá Bergi
2. sæti Siguroddur Pétursson og Sól frá Söðulsholti
3. sæti Jón Bjarni Þorvarðarson og Aða frá Bergi
4. sæti Ólafur Tryggvason og Sif frá Grundarfirði
5. sæti Gunnar Tryggvason og Sómi frá Brimilsvöllum

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þéttur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Óboðinn gestur fjarlægður af lögreglu



Glöggur vegfarandi rak upp stór augu í síðustu viku þegar Smyrill hafði villst inn í íbúð í Ólafsvík og reyndi án afláts að komast aftur út í gegnum lokaðan glugga. Vegfarandinn staldraði við um stund til þess að sjá hvort hann myndi finna réttu leiðina

aftur en það virtist ekki ganga. Lögreglan var kölluð til að lokum til að bjarga greyið fuglinum og var honum hleypt út ósködduðum. Það er ekki algeng sjón að sjá Smyril innan bæjarmarkanna og hvað þá innanhúss.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

1x2 getraunir

Eins og flestir, sem fylgjast með enska boltanum og getraunastarfinu vita, höfum við verið með hitting í Áthtagastofunni á laugardögum. Þar höfum við giskað á úrslit í leikjum helgarinnar, spjallað og fengið okkur kaffi. Sem sagt gæðastundir. Það eru um 11 umferðir eftir af þessari leiktið og ákveðið hefur verið að færa starfsemi í íþróttahúsið í Ólafsvík og verðum við með getraunakaffið

á neðri hæðinni í aðstöðu Víkings í þessari lokahrinu. Hvort að menn verði getspakari á þeim slóðum, skal ósagt látið. Kemur í ljós. Sem sagt næsta laugardag verðum við í íþróttahúsinu í aðstöðu Víkings á neðri hæðinni og byrjum klukkan 11.00 og verðum til klukkan 12.00 eins og fyrri laugardaga. Okkar rómaða kaffi verður að sjálfsgöðu í boði.

Áfram Víkingur

KOMDU Í FVA



@fjölbraut

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 13. mars
kl. 16:30 – 18:00

Öll velkomin, sérstaklega nemendur
í 10. bekk og forráðamenn þeirra

Allar upplýsingar um námsbrautir
og nám við fva er að finna á
www.fva.is

Fjölbrautaskóli Vesturlands - Vogabraut 5 - 300 Akranes - 433 2500 - skrifstofa@fva.is

Glitrandi dagur

29. febrúar var alþjóðadagur sjaldgæfra sjúkdóma og hvatti félag Einstakra barna alla til að sýna stuðning og samstöðu við þá sem lifa með sjaldgæfa sjúkdóma eða heilkenni með því að glitra með þeim þennan dag. Fólk um land allt glitraði með því að klæðast glitrandi fötum, með glimmeri og pallíettum. Litríkar flíkur sem glitra minna á að börn eru allskonar og með þátttöku í vitundavakningunni er vakið athygli á því að hátt í 700 börn og ungmenni á Íslandi glíma við erfiðar og fátíðar greiningar sem afar fáir þekkja til eða skilja en innan félagsins eru nú börn og ungmenni með 247 mismunandi greiningar. Á meðfylgjandi mynd er Jökull Breki Bárðarson, 3 ára kröftugur drengur sem býr í Ólafsvík ásamt foreldrum sínum, Júlíönu Björk Gunnarsdóttur og Bárði Jóhannusyni, en hann er Einstakt barn. Jökull er með x tengda barnastökkbreytingu, MRXS33, hann er einn hér á landi með þessa stökkbreytingu og sá eini af 27 í heiminum. Grunn-



skólar og leikskólar í Grundarfirði og Snæfellsbæ auk annarra íbúa tóku að sjálfsgöðu þátt í deginum og klæddu sig í litríkan og glitrandi fatnað til að sýna stuðning og samstöðu.

SJ

Gleðistjörnumót Fylkis

Gleðistjörnumót Fylkis fór fram í Egilshöll á dögunum. Mótið er styrktarmót en Gleðistjarnan er góðgerðafélag sem stofnað var til minningar um Þuríði Örnú Óskarsdóttir. Hún lést þann 20. mars í fyrra aðeins tvítug að aldri en hún hafði þá barist við heilæxli frá tveggja ára aldri. Félagið heldur uppi minningu Þuríðar Örnú með því að gleðja systkini langveikra barna með gleðigjöfum og viðburðum. Snæfellsness samstarfið átti eitt lið á mótinu en mótið er ætlað 8. flokk í knattspyrnu eða börnum fædd árið 2018 og 2019. Krakkarnir léku fjóra leiki á mótinu sem voru 10 mínútur að lengd. Markmiðið með mótinu var að keppendur skemmtu sér sem allra best og fengu svo allir þátttökupening og glaðning að móti loknu.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Söngvakeppni og party



Mikil gleði ríkti í þjónustubúðarkjarnanum í Ólafsvík síðastliðið laugardagskvöld þegar íbúar héldu Söngvakeppni og party. Eigendur Sjoppunnar höfðu frétt af veislu plönnum og færdum þeim hamborgara, snakk, sælgæti og

drykki svo að enginn yrði svangur á meðan veislunni stæði. Íbúar þjónustukjarnans voru hæstánægðir og skemmti sér konunglega fram eftir kvöldi.

JJ

Þriðja sæti eftir jafntefli



Mfl. Víkings tók á móti Elliða í þriðju umferð Lengjubikars karla, B-deild, riðli 3. Leikurinn fór fram á Ólafsvíkuvelli laugardaginn 2. mars og þrátt fyrir að frekar svalt hafi verið þá kvörtuðu leikmenn ekki undan veðrinu. Víkingar byrjuðu leikinn vel og skoraði Luke Williams fyrsta mark leiksins á 15. mínútu, Eyþór Örn Eyþórsson bætti öðru marki við á 18. mínútu en gestirnir náðu að skora á 22. mínútu, staðan því 2-1 í hálfleik.

Í seinni hálfleik kom eina markið ekki fyrr en á 80. mínútu en þá jöfnuðu Elliðamenn, leiknum lauk því með jafntefli, 2-2.

Víkingur er í þriðja sæti riðilsins með 5 stig eftir einn sigur og tvö jafntefli, fyrir ofan eru Þróttur V. með sjö stig og Árbær með 6 stig, næsti leikur Víkings er einmitt gegn Árbæ og fer sá leikur fram í Ólafsvík laugardaginn 16. mars.